



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Tel. (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 16. júní 2006
Tilvísun: UST20060400013/6aj

Breyting á aðalskipulagi Biskupstungna 2000-2012 – Reiðstígur í Haukadal


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnæssýslu dags. 4. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar varðandi breytingu á staðfestu aðalskipulagi Biskupstungna. Breytingin felst í að gert er ráð fyrir reiðstíg upp með Laugá norður fyrir Geysissvæðið og aftur að þjóðvegi á mótis við Haukadal II. Breytingin er gerð til að hestaumferð fari ekki um Geysissvæðið.


Fyrirhugaður reiðstígur liggur um svæði sem er á náttúruminjaskrá, Haukadalur og Almennungur en í skránni segir eftirfarandi um svæðið:

Haukadalur og Almennungur, Biskupstungnahreppi, Árnæssýslu. (1) Svæðið afmarkast af Laugaá, Beiná, Almenningsá, Tungufljóti og skógræktargirðingunni í Haukadal. (2) Hverasvæðið við Geysi og Haukadalur eru vinsælt útivistarsvæði. Áhugaverðar jarðmyndanir, m.a. líparít í Laugarfelli og gamalt hverasvæði í Hvítamel. Almennungur er ósnortið mýrasvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi.

Í þeim gögnum sem fylgja með erindinu er reiðstígurinn staðsettur utan þeirrar girðingar sem umlykur Geysissvæðið. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að reiðstígurinn sem og öðrum reiðleiðum sé haldið utan fyrrnefnds svæðið. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að ekki verði hreyft við hverahrúðri eða ummyndunum og að sneitt verði hjá slíkum svæðum, liggi stígurinn á annað borð um slík svæði. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að fyrirhugaður reiðstígur verði gerður óaðgengilegur fyrir bifreiðar, eða önnur vélknúin ökutæki, og að stígurinn verði greinilega merktur sem reiðstígur. Hvað varðar þann hluta reiðstígsins sem liggur vestan við Laugarfjall þá telur stofnunin nauðsynlegt að stígurinn verði lagður eins nálægt hlíðarfæti fjallsins eins og mögulegt er. Varðandi stíginn í heild sinni telur stofnunin nauðsynlegt að hann verði lagður í landið þannig að sem minnst beri á honum og að hann fylgi sem mest núverandi reiðstígum á svæðinu. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaðan reiðstíg í Haukadal.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun